



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit

STARFSLEYFI

fyrir endurvinnslu á úrgangi, þ.e. móttöku á lífrænum úrgangi til jarðgerðar í Gufunesi

Nafn leyfishafa: Moldarblandan-Gæðamold ehf.

Heimilisfang: Gylfaflöt 20

Póstnúmer: 112

Kennitala: 510291-1749

Útgáfudagur leyfis: 11. júní 2019

Gildir til: 11. júní 2024

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða.

Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með sértækum skilyrðum fyrir Moldarblöndunina Gæðamold ehf., Gufunesi og skilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Ef starfsleyfið er gefið út til lengri tíma en fjögurra ára er heimilt að endurskoða það á fjögurra ára fresti. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 11. júní 2019



Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfsemi óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

3. Meðferð hættulegra efna

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hættu af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



- Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
 - 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
 - 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
 - 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
 - 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
 - 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
 - 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lykta eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífheldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólþ, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn



mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

6. Eigið eftirlit og skráningar

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

7 Starfsemi hætt

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.



Starfsleyfisskilyrði fyrir Moldarblönduna Gæðamold ehf., Gufunesi

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Moldarblöndunar Gæðamold ehf. kt: 510291-1749 í Gufunesi, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Ennfremur gilda um starfsemina lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br. og reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, m.s.br. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber að fylgja, eins og við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.
- 1.2 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum og samþykktum sveitarfélaga eftir því sem við á. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af. .
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir endurvinnslu á úrgangi, þ.e. móttöku á lífrænum úrgangi til jarðgerðar, sbr. lið 8.5 í viðauka X í rlg. 550/2018 m.s.br.
- 1.4 Starfsleyfið gildir frá útgáfudegi til 11.6.2024.
- 1.5 Heimilt er að endurskoða starfsleyfið ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra, mengun af völdum atvinnurekstrarins er meiri en búast mátti við þegar leyfið var gefið út eða ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun án óhóflegs kostnaðar. Jafnframt skal endurskoða starfsleyfið ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við, ef breytingar verða á atvinnurekstri, ef fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi. Um endurskoðun á starfsleyfi skal fara samkvæmt gr. 14 í rlg. 550/2018.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rlg. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br. til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfseminni fer skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018.



- 1.11 Starfsleyfi skal hanga uppi á áberandi stað í fyrirtækinu. Eintak af starfsleyfisskilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á því að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.12 Almennigur á rétt á að aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í viðauka IV í rlg. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Starfsemi.

- 2.1 Moldarblöndunni Gæðamold er heimilt að taka á móti allt að 600 tonnum af garðaúrgangi til jarðgerðar árlega. Til garðaúrgangs telst nýslegið gras og meðfylgjandi blómgróður og illgresi, trjágreinar og -bolir sem kurlað er til jarðgerðarinnar. Hráefni til jarðgerðar skal vera af góðum gæðum. Ekki er heimilt að nota myglað eða úldið gras eða hey eða annan garðaúrgang af lélegum gæðum. Ekki er heimilt að taka við og nota til jarðgerðar annan lífrænan úrgang s.s. ávexti, grænmeti, fisk- og kjötúrgang, sláturúrgang, dýrahræ, slóg frá fiskvinnslum, dýraúrgang eða þ.h. Ennfremur er rekstraraðila heimilt að taka á móti allt að 6.000 tonnum árlega af mold úr húsagrunnum til endurvinnslu en í því felst að moldin er látin standa og brjóta sig, hún hreinsuð og í hana blandað m.a. sandi og moltu.
- 2.2 Stoðefni við moltugerðina má einungis vera hreint, staðið hrossatað af góðum gæðum. Ekki er heimilt að nota annan dýraúrgang, myglað eða úldið gras, hey, garðaúrgang eða annað lífrænt efni af lélegum gæðum sem stoðefni.
- 2.3 Leggja skal mat á gæði hráefnis og stoðefnis við móttöku. Standist efnið ekki gæðakröfur skal það fjarlæggt og fargað eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.
- 2.4 Halda skal skrá yfir magn og gerð moldar svo og lífræns úrgangs og stoðefnis sem fer til jarðgerðar. Skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.
- 2.5 Rekstraraðili skal hafa viðbragðsáætlun um meðhöndlun úrgangs á athafnasvæði sínu ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri starfseminnar. Viðbragðsáætlun skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem starfsemin liggur niðri. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

3. Athafnasvæði og lóðarmörk, ásýnd svæðis, vinnsla, umgengni og geymsla úrgangs.

- 3.1 Starfsemi fyrirtækisins á þessum stað skal takmörkuð við svæði eins og það er skilgreint og skipulagt á mynd í fylgiskjali. Hindra skal aðgengi almennings að athafnasvæðinu eftir föngum, t.d. með girðingum. Lóð og húsnaði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnaðið skal vera viðurkennt sorpílát. Girðingum skal vel við haldið.
- 3.2 Rekstraraðila ber að gæta þess að lóð og athafnasvæði mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, hlutir, búnaður og annað sem ekki tilheyrir starfseminni. Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæðinu og þannig að ekki valdi slysaþættu. Halda skal vinnusvæði, tækjabúnaði og umhverfi eins snyrtilegu og kostur er á og gæta hreinlætis í hvívetna.
- 3.3 Áhersla skal lögð á jafna vinnslu efnis sem tryggir að rúmtak þess sé í lágmarki hverju sinni.



- 3.4 Lífrænum úrgangi sem berst til vinnslu skal koma í vinnsluferli eins fljótt og hægt er. Úrgangur sem býður vinnslu skal hylja með timburkurli líkt og efni sem er í jarðgerðarferli.
- 3.5 Mold og lífrænum úrgangi sem ekki nýtist til endurvinnslu eða jarðgerðar og úrkasti frá hörpun á ekki safna upp heldur skal koma til förgunar sem allra fyrst þannig að ekki verði af efnunum ónæði eða mengun. Urðun eða brennsla úrgangs á athafnasvæðinu er óheimil.
- 3.6 Stýra skal aðkomu stoðefnis þannig að ekki verði uppsöfnun á því heldur berist það eftir þörfum. Eftir aðstæðum skal hylja stoðefni með timburkurli við komu til að draga úr lykt og aðgengi meindýra.
- 3.7 Rekstraraðili skal hafa skriflega viðbragðssáætlun um viðbrögð fari svo að fyrirtækinu berist meira magn af lífrænum úrgangi en fyrirtækið annar á hverjum tíma eða meira heildarmagn en heimilt er samkvæmt starfsleyfi. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 3.8 Rekstraraðili skal lágmarka aðsókn meindýra að athafnasvæðinu með skipulögðum meindýravörnum. Verði vart við meindýr, s.s. rottur eða vargfugla, skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu. Framvísa skal samningi við meindýraeyði og yfirlitsmynd sem sýnir skipulag meindýravarna í eftirliti. Skýrslur meindýraeyðis skulu vera aðgengilegar í eftirliti.

4. Mengunarvarnir

- 4.1 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið. Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal viðtæka umhverfisvernd. Nýta skal orku vel.
- 4.2 Rekstraraðili skal ávallt leitast við að takmarka notkun mengandi efna við starfsemina. Til að lágmarka loftmengun er óheimilt að hafa kolefnaeldsneytisknúnar vinnuvélar eða bifreiðar í gangi umfram það sem tengist starfseminni og eðlilegri umferð.
- 4.3 Við alla vinnslu skal gæta sérstaklega að áhrifum á nærumhverfi. Rekstraraðila ber að beita bestu aðgengilegu tækni til varnar gegn lyktarónæði og loftmengun frá starfseminni. Rekstraraðili skal hafa skriflega viðbragðssáætlun um viðbrögð til að draga úr lyktarónæði ef kvartanir vegna slíks frá starfseminni eru staðfestar. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 4.4 Sé jarðgerðarefnið lagt í múga skulu þeir ekki vera hærri en 1,5 m. Nægilegt rými skal vera í kringum múga til að hægt sé að sinna vinnu við þá s.s. að snúa þeim og beita búnaði til mengunarvarna.
- 4.5 Við alla vinnu við hráefni, stoðefni, múga eða moltu og frákast frá hörpun skal taka tillit til veðuraðstæðna í því skyni að lágmarka áhrif og ónæði í nágrenninu. Rekstraraðila ber að hafa veðurstöð eða vindpoka á vinnslusvæðinu til að meta vindátt. Óheimilt er að snúa múgum nema vindátt standi af íbúðabyggð í Grafarvogi. Alla jafna skal vinna við að snúa múgum fara fram seint að kvöldi eða fyrri part nætur þegar veðuraðstæður eru hagstæðar, um leið þarf að gæta að því að hávaði frá vinnslu valdi ekki ónæði eða raski næturró. Undantekningar á vinnutíma má gera ef veðuraðstæður eru þannig að algerlega tryggt er að lyktarónæði muni ekki verða vart í nágrenninu s.s. hvöss austan átt.



- 4.6 Hráefni til jarðgerðarvinnslu, múgar í jarðgerðarferli, unnin molta og frákast frá hörpun moltu skal ávallt hylja með timburkurli til að draga úr lyktarónæði og hindra aðgengi meindýra. Hafa skal reglulegt eftirlit með því að nægilegt timburkurl sé á. Vanti timburkurl skal þegar í stað bæta úr því.
- 4.7 Halda skal hávaða við vinnslu hráefnis og vegna annarra athafna, svo sem umferðar um athafnasvæðið, í lágmarki. Um hávaða fer skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Hávaði skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum fyrir atvinnustarfsemi sem tilgreind eru í töflu III í reglugerð um hávaða.
- 4.9 Verði á starfstímanum mengun af völdum starfsemi rekstraraðila í Gufunesi sem gæti stofnað heilsufari almennings í hættu og/eða valdið röskun lífríkis, skal rekstraraðili koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að berast út. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem hefur orðið eftir óhapp eða annað atvik, á sinn kostnað.

5. Fráveita

- 5.1 Frárennsli frá salernum og starfsmannaaðstöðu skal fara um roþró sem hefur hlotið samþykki heilbrigðiseftirlits.
- 5.2 Verði vart við mengun af völdum afrennslis frá vinnslu í viðtaka eða ofanvatni ber rekstraraðila að bregðast við til að koma í veg fyrir frekari mengun. Hafa skal fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið um til hvaða ráðstafana verði gripið.

6. Skráningar og eigið eftirlit

- 6.1 Skrá skal allar kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar og viðbrögð við þeim. Skráningar skulu vera aðgengilegar við eftirlit.
- 6.2 Fyrirtækið skal vera með skriflegt innra eftirlit með vinnslunni. Meta skal gæði hráefnis til vinnslu og stoðefni og skrá matið. Daglegt eftirlit skal vera með meindýrum og timburkurli á hráefni, stoðefnum, múgum og moltu. Skrá skal fjölda fugla og rotta sem sjást við eftirlitið.
- 6.3 Halda skal skrá yfir magn úrgangs og stoðefni sem fer til jarðgerðar. Skráningarnar skulu verða aðgengilegar eftirlitsaðila.

7. Starfsemi hætt

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um fyrirhugaða stöðvun reksturs og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Flytji starfsemi eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa athafnasvæðið. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- 7.3 Öllum úrgangi skal komið til viðurkenndra móttökustöðva.
- 7.4 Hreinsun telst ekki lokið fyrr en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram.

Mynd 1. Yfirlitsmynd af svæði Moldarblöndunnar Gæðamold í Gufunesi. Rauð lína afmarkar athafnasvæðið, blá lína afmarkar svæði til jarðgerðar, gul lína afmarkar geymslusvæði fyrir greinar og boli.





Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

Moldarblandan Gæðamold ehf.

kt. 510291-1749

Gylfahlöt 20, 112 Reykjavík

Starfsleyfi fyrir endurvinnslu á úrgangi, þ.e. móttöku á lífrænum úrgangi til jarðgerðar í Gufunesi, 112 R.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) móttók þann 31.8.2017 umsókn Moldarblöndunnar Gæðarmoldar ehf. kt. 510291-1749, um starfsleyfi fyrir endurvinnslu á úrgangi, þ.e. móttöku á lífrænum úrgangi til jarðgerðar í aðstöðu fyrirtækisins í Gufunesi. Í frekari samskiptum kom fram að sótt var um leyfi fyrir móttöku og jarðgerðar á um 600 tonna af garðaúrgangi á ári og móttöku og endurvinnslu á um 6.000 tonnum af mold úr húsagrunnum. Um er að ræða starfsemi sem hefur starfað um árabíl án vitneskju heilbrigðiseftirlitsins og án starfsleyfis.

Á meðan umsóknin var í vinnslu hjá HER tók gildi reglugerð nr. 550/2018 um losun frá iðnaði og mengunarvarneftirlit og um leið féll úr gildi rg. nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Síðari hluti vinnslu á starfsleyfinu, þar með talið auglýsing og skrif greinargerðar eru unnin í samræmi við rg. 550/2018.

Móttaka umsóknar var auglýst á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER), www.reykjavik.is/thjonusta/heilbrigðiseftirlit-reykjavikur, þann 12.4.2019. Þá lá fyrir tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarneftirlit. Tillagan gerði ráð fyrir að um starfsemina gildi almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir Moldarblönduna Gæðamold ehf. í Gufunesi.

2. Umsögn skipulags- og byggingafultrúa

Með tölvupósti dags. 9.11.2017 var óskað eftir umsögn skipulagsfulltrúans í Reykjavík um umsókn Moldarblöndunnar Gæðamold um starfsleyfi til móttöku og endurvinnslu á úrgangi í Gufunesi. Jákvæð umsögn skipulagsfulltrúa barst HER, dags. 1.12.2017.

Í svari skipulagsfulltrúa kemur fram að fyrirtækið sé staðsett á skilgreindu opnu svæði skv. aðalskipulagi. Ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu en áætlað er að stofnstígur liggja um/meðfram svæðinu til framtíðar og lega Sundabrautar er í/við svæðið. Í Skipulagsráði 7. nóvember 2008 var lagt fram erindi Moldarblöndunnar Gæðamoldar varðandi vegstæði og afmörkun lóðar fyrir fyrirtækið á umræddum stað þar sem starfsemin er í dag og samþykkt. Afmörkunin var fyrst og fremst gerð í þeim tilgangi að ná utan um starfsemina þannig að hægt væri að gera samning við fyrirtækið um notkunar lóðarinnar, þ.e. tímabundið. Afmörkunin hefur því ekki í gildi deiliskipulags í för með sér. Til er samþykkt deiliskipulag af útivistarsvæðinu í Gufunesi, en það nær ekki yfir svæði Moldarblöndunnar Gæðamoldar ehf.

Í niðurstöðu skipulagsfulltrúa kemur fram að núverandi starfsemi Moldarblöndunnar Gæðamoldar sé ekki beint í samræmi við landnotkun, þar sem opna svæðið í Gufunesi er skilgreint sem borgargarður og innan slíkra garða er gert ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreyttri mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afþreyingar og leikja og almennrar frístundaiðkunnar. Einnig má gera ráð



fyrir veitingaaðstöðu og veitumannvirkjum. Jafnframt þar sem Gufunessvæðið í heild að þróast mun fyrr (að mestu leyti) en aðalskipulagið gerði ráð fyrir í annars konar starfsemi í nálægð við núverandi starfsemi, t.a.m. íbúðabyggð, kvikmyndaver og tengd þjónusta/starfsemi þá er lagt til að m.v. þær kvartanir sem hafa verið að berast úr hverfinu, auk nálægðar við fyrirhugaða íbúðabyggð í Gufunesi að sett verði vinna í að starfseminni verði fundinn annar staður, þó ekki sé beint hægt að sýna fram á að sú (ó)lykt sem hefur verið kvartað yfir komi frá Moldarblöndunni Gæðamold. Lagt er til að tímamörk séu gefin 5 ár, þannig að eftir þann tíma verði fyrirtækinu ekki heimilt að stunda jarðgerð á núverandi stað í Gufunesi.

Tekið er tillit til tillögu Skipulagsfulltrúa um að tímamörk séu 5 ár og er gildistími starfsleyfis í 5 ár frá útgáfu þess.

3. Tilkynning til Skipulagsstofnunar um matskyldu vinnslunnar.

Með tölvupósti dags. 5.9.2017 vakti HER athygli forsvarsmanns fyrirtækisins á því að samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðauka 1 (liður 11.15), er endurnýting úrgangs þar sem meðhöndluð eru meira en 500 tonn af úrgangi á ári tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar sem metur hvort framkvæmdin skuli sæta mati á umhverfisáhrifum. Ennfremur var vakin athygli á því að samkvæmt gr. 15.10 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun er óheimilt er að auglýsa tillögu að starfsleyfi vegna framkvæmda sem taldar eru upp í viðauka 2 með lögum um mat á umhverfisáhrifum fyrr en ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmdin er matskyld liggur fyrir. Í ljósi ofangreinds óskaði HER eftir því að fá senda niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matskyldu framkvæmdarinnar þegar hún lægi fyrir.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu er dagsett 8. maí 2018. Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar kemur fram að að mati stofnunarinnar kalli þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin gangist undir mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun tekur undir það sem fram kemur í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að æskilegt sé að tillaga að aðgerðum liggja fyrir ef kvartanir vegna lyktarónæðis frá Moldarblöndunni séu staðfestar.

Tekið var tillit til ábendingar Skipulagsstofnunar með því að setja ákvæði í gr. 4.7 í starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemina um að rekstraraðili skuli hafa skriflega viðbragðsáætlun um viðbrögð til að draga úr lyktarónæði ef kvartanir vegna slíks frá starfseminni eru staðfestar.

4. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði í 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir Moldarblönduna Gæðamold ehf. fyrir endurvinnslu á úrgangi, þ.e. móttöku á lífrænum úrgangi til jarðgerðar í aðstöðu fyrirtækisins í Gufunesi á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins. Auglýsingin var birt þann 15.4. sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 12.5 sl.

Sérstaklega var vakin athygli á tillögunni með tölvupósti til þriggja einstaklinga sem margsinnis hafa kvartað yfri lyktarónæði frá starfsemi í Gufunesi. Einnig var sent bréf á íbúasamtök Grafarvogs á skráð heimilsfang samtakanna til að upplýsa um tillöguna en bréfið kom endursent. Þá var sendur tölvupóstur á þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarnes (midgardur@reykjavik.is) þar sem þess var óskað að athygli hverfisráðs Grafarvogs yrði vakin á tillögunni.



5. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Tvær athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Efnislega voru þær nokkuð samhljóða, almenn mótmæli við jarðgerð í nálægð við íbúðabyggð vegna lyktarónæðis sem viðkomandi segja fylgja starfseminni en ekki eru gerðar efnislegar athugasemdir við tillögu að starfsleyfi. Athugasemdirnar fylgja hér á eftir og svo svar HER við þeim.

Sigfús Aðalsteinsson, Viðarrima 33, mótmælir harðlega þeirri hugmynd að starfsleyfi til jarðgerðar verði gefið. Sigfús segir að sú stæka lykt sem kemur úr opnum ruslahaugum sé algerlega óboðleg íbúum í Grafarvogi og þá sér í lagi þeim sem búa í næsta nágrenni. Undanfarin þrjú ár hafi íbúar í hverfinu hörfað inn á góðviðrisdögum þegar skítapestin ætlar allt að kæfa. Sigfús segir þetta algerlega óviðunandi.

Ögmundur Reykdal, íbúi í Viðarrima, mótmælir, sem íbúi í Grafarvogi, allri jarðgerð í hvaða formi sem er svo nálægt byggð. Ögmundur segir íbúa hafa aldeilis fengið að kenna á skítalyktinni síðustu árin og mótmælir því harðlega að slík starfsemi fái að halda áfram.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur staðfest lyktarónæði frá starfsemi í Gufunesi í nokkur skipti á síðustu árum. Í fáein tilfelli hefur fundist lykt frá starfsemi Moldarblöndunnar en í einungis eitt skipti hefur lyktin verið það sterk að talið var að hún gæti valdið lyktarónæði í nærliggjandi íbúðabyggð. Í ágúst 2017 var fyrirtækið krafði um úrbætur vegna staðfestrar lyktarkvörtunar. Fyrirtækið breytti verklagi og nú er verklag við snúning á múgum þannig að það skuli gert seint að kvöldi eða að nóttu á virkum dögum vikunnar þegar vindur stendur af íbúðabyggð. Frá því verklagi var breytt hafa ekki borist kvartanir sem beinast sérstaklega að Moldarblöndunni né hefur lyktarónæði verið staðfest frá starfseminni.

Heilbrigðiseftirlitið bendir einnig á að Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur veitti jákvæða umsögn um að starfsleyfi verði veitt en þó með ábendingu um takmörkun á gildistíma, enda passi starfsemin ekki til framtíðar á þessum stað.

Í umsögn Umhverfisstofnunar um tilkynningu til matsákvörðunar er bent á að lyktarmengun frá Moldarblöndunni sé óverulegur þáttur. Sem fyrr sagði telur Skipulagsstofnun að framkvæmdin þurfi ekki að sæta mati á umhverfisáhrifum.

Byggt á umsögnum Skipulagsfulltrúans í Reykjavík, Umhverfisstofnunar og niðurstöðu Skipulagsstofnunar hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi til 5 ára til Moldarblöndunar Gæðamold, frá útgáfudegi leyfisins. Heilbrigðiseftirlitið telur að verklag sem viðhaft er við vinnsluna, samsetning hráefnis og vinnsluferlis verði til þess að lyktarónæði frá starfseminni verði óverulegt. Þá á fyrirtækið að bregðast við, verði kvartanir staðfestar, samkvæmt skriflegri viðbragðsáætlun. Verði um að ræða fjölda staðfesta kvartana mun Heilbrigðiseftirlitið beita þeim úrræðum sem það hefur tiltæk samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að bregðast við ástandinu.

6. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Við afgreiðslu tillögunnar kom í ljós að gildistími starfsleyfis hafði misritast í auglýstri tillögu. Í auglýstri tillögu er gildistími til 31.12.2022. Þarna átti að horfa til tillögu Skipulagsfulltrúa og hafa gildistímann til 5 ára frá útgáfudegi eða fram á vor 2024. Við afgreiðslu leyfisins er þessi misritun leiðrétt þannig að gildistími starfsleyfisins er 5 ár frá útgáfudegi.

7. Ákvörðun heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis

Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013, sjá samþykkt nr. 1052/2015 um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013, var ofangreind starfsleyfisumsókn Moldarblöndunnar Gæðamoldar ehf. tekin fyrir á 1379. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 11.6. sl. og samþykkt að gefa út starfsleyfi fyrir starfsemina til 5 ára.



8. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 11.6.2019.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri